

**Nd.**

**575. Breytingartillaga**

[165. mál]

við frv. til l. um stjórn og starfrækslu pósts og síma.

Frá Benedikt Gröndal og Lúðvik Jósepssyni.

1. gr. orðist svo:

Sameinað Alþingi kýs á fjögurra ára fresti sjö menn í stjórn póst- og símamála- stofnunarinnar og aðra sjö til vara. Enn fremur skipar starfsmannaráð tvo menn í stjórnina úr hópi starfsmanna og aðra tvo til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi aðalmanna.

Stjórn stofnunarinnar skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi stofnunarinnar og gæta þess, að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Skal endurskoðunardeild starfa við stofnunina undir eftirliti hinnar þingkjörnu stjórnar.